



## 7. fundur í aðalstjórn Aftureldingar miðvikudaginn 15. nóvember 2017

---

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 19:30

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Birna Kristín Jónsdóttir (BJ), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Anna Fríða Magnúsdóttir (AFM), Kjartan Reinholdsson (KR), Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH) og Jón Júlíus Karlsson (JK) framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Sigurður Rúnar Magnússon (SM) og Geirarður Long (GL)

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Stefnumótun

Stefnumótun rædd sem haldin verður fimmtudaginn 23. nóvember í Krikaskóla kl. 17:30 – 20:30. Búið að senda út fundarboð til deilda félagsins en einnig er mælt til þess að fá sem flesta að borðinu, þ.m.t. foreldra iðkenda. Anna Steinsen mun stýra kvöldinu.

Spurningum velt upp til að vinna eftir á kvöldinu.

Yfirskriftin: Flottasta íþróttafélag landsins.

Hvað hefur flottasta íþróttafélag landsins til að bera?

Hvað viljum fá út úr þessu kvöldi?

Hvað viljum við að deildir séu að ræða?

Hvaða spurning þurfum – viljum við spyrja?

### 2. Búningamál Aftureldingar

Flestar deildir félagsins eru búnar að senda inn áætlaða fatapörf til næstu fjögurra ára. Í ljós kemur að flestar deildir eru sáttar við þann ramma sem hefur verið skapaður í núverandi samningi. Kallað verður eftir frekari upplýsingum frá deildum félagsins og í kjölfarið verður gerð verðkönnun hjá nokkrum framleiðendum. Niðurstöður þeirrar verðkönnunar verður kynnt búninganefnd Aftureldingar sem tekur ákvörðun út frá þeim upplýsingum.

Fundi slitið kl 20.30

Krístrún Kristjánsdóttir

(sign).